

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri



Reykjavík, 3. mars 2022

Efni: Skammtímalausn við Hof fyrir langtímabiðstæði hópþifreiða

Þann 23. febrúar sl. áttu Samtök ferðaþjónustunnar ásamt Helgu Nínu Helgadóttur frá SBA, fund með Pétri Inga Haraldssyni sviðstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar. Á fundinum var m.a. rætt um langtímastæði hópþifreiða og mikilvægi þess að slík stæði verði skilgreind í langtímaskipulagi til að koma í veg fyrir að hópþifreiðum verði lagt næturlangt eða í bið eftir farþegum víðsvegar um bæjarfélagið.

Með erindi þessu vilja Samtökin ítreka neðagreint erindi sem sent var Akureyrarbæ 3. júní 2021 og vil yrði bæjaryfirvalda til aðgerða.


Í dag eru engin sérstök langtímastæði fyrir hópþifreiðar á Akureyri. Það hefur í för með sér að hópþifreiðum er lagt víðsvegar um bæinn og oft á tíðum með þeim hætti að þeim er lagt í stæði þar sem ekki er gert ráð fyrir hópþifreiðum. Er um mikið óhagræði að ræða fyrir önnur ökutæki sem þurfa að nota þau stæði, sem og fyrir íbúa bæjarins. Að því sögðu er mikilvægt fyrir alla hluteigandi aðila að finna lausn á þessu máli og finna aðstöðu fyrir langtímabiðstæði fyrir hópþifreiðar.

Á fundinum 2. júní sl. lagði Pétur Ingi sviðstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar að sótt yrði um tímabundna ráðstöfun á aðstöðu fyrir langtímabiðstæði hópþifreiða. Hann lagði til að SAF myndi sækja um fyrir hönd hópþifreiðafyrirtækja, að hópþifreiðum yrði heimilt að leggja hópþifreiðum á því svæði sem skilgreint er á neðangreindri mynd. Yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar til önnur varanleg lausn yrði fundin.

Á áður nefndum fundi með Pétri kom fram að ekki er búið að ráðstafa neðangreindu svæði og þar til það verður gert er ekki verið að nota það undir sérstaka starfssemi. Stæðið er nálægt miðbænum og hentar því einstaklega vel sem langtímabiðstæði fyrir hópþifreiðar. Yrði eingöngu um að ræða stæði fyrir hópþifreiðar yfir nótt eða á meðan beðið er eftir farþegum. Ekki yrði um stæði fyrir önnur faratæki og svæðið yrði alls ekki hugsað sem langtíma geymslusvæði fyrir hvers kyns farartæki. Svæðið þarf að vera afgirt með einföldum hætti og það væri mjög hentugt að setja upp skilti þar sem yrði tilgreint að um væri að ræða stæði fyrir hópþifreiðar og bannað væri að leggja öðrum faratækjum.

SAF leggja því til að bæjarstjórn Akureyrar að afgreiði neðangreinda tillögu:

Lagt er til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar heimili hópbifreiðum að nýta neðangreint svæði sem langtímabiðstæði fyrir hópbifreiðar þar til því verður ráðstafað með varanlegum hætti.



Auk ofangreindrar tillögu leggja samtökin til að opnuð verði tímabundin sumarnæturstæði fyrir hópbifreiðar við skóla og aðrar stofnanir sem hafa litla starfsemi yfir sumartímam. Þar má m.a. nefna Brekkuskóla, Menntaskóla Akureyrar, Vekmenntaskóla Akureyrar og Lundaskóla.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri